



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Umræðuskjal

nr. 4/2017

Drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða ferli, snið og sniðmát vegna skýrslu váttryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 30. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna reglugragna þessara.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.

Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

9. mars 2017

## REGLUR

um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða ferli, snið og sniðmát vegna skýrslu  
vátryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra vátryggingafélaga og starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi.

2. gr.

*Ferli, snið og sniðmát vegna skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu*

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi skal vátryggingafélag eigi síðar en 14 vikum eftir lok reikningsárs birta opinberlega skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Reglur þessar eru settar til að innleiða tæknilega staðla sem mæla fyrir um ferla, snið og sniðmát vegna skýrslugjafarinnar.

3. gr.

*Birting tæknilegra staðla*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2452 frá 2. desember 2015 sem mælir fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða ferli, snið og sniðmát vegna skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

Fjármálaeftirlitið vísar til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2452 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1485515185451&uri=CELEX:32015R2452>

4. gr.

*Gildistaka*

Reglur þessar eru settar með heimild í 4. mgr. 57. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, xx. mars 2017*

